

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Reykjavík 31. mars 2023

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (skráning á skipulegum hlutabréfamarkaði, dreifð eignaraðild). [129. mál.](#)

Landssamband smábátæigenda (LS) telur frumvarpið afar gott innlegg í umræðu undanfarinna missera um að sporna við samþjöppun í sjávarútvegi og auka þannig samkeppni innan greinarinnar. Það er mat LS að frumvarpið færi lagagreinina í átt að því sem upphaflegt frumvarp um eignaraðild kvað á um. Sporna við samþjöppun og tryggja samkeppni innan greinarinnar.

LS er þeirrar skoðunar að frumvarpið varpi betur ljósi á hverjir skuli teljast tengdir aðilar. Með því ætti Fiskistofa sem eftirlitsaðili að ná betra valdi á viðfangsefninu sem svarar réttmætri gagnrýni Ríkisendurskoðunar á stofnunina, samhliða því að upplýsingaskylda virkjast fyrir.

Jafnframt vekur LS athygli á að í sameiginlegri umsögn þess, Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda og Strandveiðifélags Íslands til verkefnisins „Auðlindin okkar“ er vikið að samþjöppun. Tillagan er eftirfarandi:

Samþjöppun

Útgerðir sem ráða yfir meira en helmingi þess sem leyfilegt kvótapak nemur greiði álag á veiðigjald fyrir úthutað aflamark sem fer umfram 50% af leyfilegu kvótapaki.

Virðingarfyllt


Arthur Bogason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Nefndarsvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2022

Tilv.: 2112011

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvörp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 – þskj. 22, 22. mál og þskj. 86 – 86. mál.

1. Vísað er til erinda nefndasviðs Alþingis, dags. 14. desember sl., þar sem óskað er umsagna Samkeppniseftirlitsins um tvö aðskilin frumvörp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, annars vegar þingskjal 22, 22. mál og hins vegar þingskjal 86, 86. mál.
2. Samkeppniseftirlitið vísar til þess að þann 8. mars 2021 veitti eftirlitið [umsögn](#) vegna draga að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.) sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda. Í þeirri umsögn er m.a. að finna ítarlega umfjöllun um tengda aðila m.t.t. yferráðahugtaksins í samkeppnisrétti. Auk þess gerði Samkeppniseftirlitið tillögu að breytingu á framkomnum drögum að frumvarpi. Voru sömu sjónarmið Samkeppniseftirlitsins ítrekuð í umsögnum til atvinnuveganefndar þann [22. mars 2021](#) og [3. maí 2021](#).
3. Samkeppniseftirlitið telur að þau almennu sjónarmið sem fram koma í umsögn þess frá 8. mars 2021 um yferráðahugtakið eigi að öllu óbreyttu við um þau frumvörp sem hér er til umfjöllunar, sérstaklega þskj. 22 um tengda aðila og raunveruleg yferráð. Að öðru leyti mun Samkeppniseftirlitið í umsögn þessari ekki fjalla efnislega um þær einstöku breytingar sem lagðar eru til í frumvörpunum en ítrekar mikilvægi þess að yferráðahugtak laga um stjórn fiskveiða verði skilgreint nánar og fært til samræmis við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins felast mikilvægir hagsmunir í því að samræmi sé í framkvæmd stjórnvalda að þessu leyti.
4. Samkeppniseftirlitið þakkar fyrir tækifærið til að koma að sjónarmiðum vegna málsins og er reiðubúið að veita frekari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Eva Ómarsdóttir